

STARFSREGLUR

stjórnar Nýherja hf.

1. Skipan stjórnar

- 1.1 Stjórn félagsins skipa 5 menn og 1 til vara, sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn.

2. Skipting starfa innan stjórnar

- 2.1 Félagsstjórnin skal strax að loknum aðalfundi ár hvert koma saman til fundar, þar sem stjórnin skiptir með sér verkum. Skal úr hópi stjórnarmanna kosinn formaður stjórnarinnar og varaformaður.
- 2.2 Aldursforseti félagsstjórnar stjórnar fundi stjórnar skv. 2.1 þar til stjórnin hefur kosið sér formann, en þá tekur nýkjörinn formaður við stjórn fundarins.

Sá sem flest atkvæði fær í kosningu nær kjöri. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

3. Verksvið stjórnar

- 3.1 Félagsstjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Stjórnin skal annast um skipulag félagsins og að starfsemi þess sé jafnan í góðu horfi.
- 3.2 Félagsstjórn skal setja félaginu markmið í samræmi við tilgang þess og skal móta stefnur og áætlanir til að ná settum markmiðum. Stjórnin fylgist með að forstjóri fylgi stefnu í samræmi við áætlanir.
- 3.3 Félagsstjórn skal annast um að eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins og skal a.m.k. árlega staðfesta rekstrar- og fjárhagsáætlanir.
- 3.4 Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins og einungis félagsstjórn getur veitt prókúruumboð.
- 3.5 Félagsstjórn ræður forstjóra að félaginu, gengur frá starfslýsingu hans, og veitir honum laun. Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur við hann þar sem m.a. skal kveðið á um laun hans og önnur starfskjör. Félagsstjórn getur falið formanni stjórnar að annast samninga við forstjóra um laun hans og önnur starfskjör.
- 3.6 Félagsstjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikils háttar. Stjórn getur þó veitt forstjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála. Eins getur forstjóri afgreitt slík mál ef ekki er unnt að bíða ákvörðunar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í þeim tilvikum skal forstjóri

tafarlaust tilkynna formanni um afgreiðslu málsins og skulu aðrir stjórnarmenn upplýstir svo skjótt sem auðið er.

- 3.7 Félagsstjórn í samráði við forstjóra tilnefnir stjórnarmenn til setu í stjórnnum dótturfélaga Nýherja hf. og annarra félaga sem Nýherji hf. á hlut í. Forstjóri gegnir að jafnaði stjórnarformennsku í þeim dótturfélögum sem teljast hluti af meginstarfsemi Nýherja hf. Í stjórnnum dótturfélaga sitja auk forstjóra einn eða fleiri stjórnarmenn eftir því sem ástæða er til.
- 3.8 Stjórnir dótturfélaga bera lögformlega ábyrgð á starfsemi þeirra samkvæmt gildandi lögum. Þær sinna eftirlitsskyldu fyrir hönd stjórnar Nýherja hf. en eru að öðru leyti ráðgefandi gagnvart stjórn Nýherja hf. sem tekur endanlegar ákvarðanir um mikils háttar málefni dótturfélaga.

4. Fyrirsvar félagsstjórnar

- 4.1 Formaður er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema stjórnin ákveði annað. Einnig kemur formaður fram út á við fyrir hönd félagsins, ásamt forstjóra, í samræmi við hefðir innan félagsins og eðli máls.
- 4.2 Formaður fer að öðru jöfnu með atkvæði félagsins á hluthafafundum í dóttur- og hlutdeildarfélögum, og öðrum félögum sem Nýherji hf. á eignarhlut í.
- 4.3 Forstjóri hefur samráð við formann vegna samninga við þriðja aðila þegar um er að ræða málefni, sem ekki falla undir stöðumboð hans sbr. gr. 3.6.
- 4.4 Formaður kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart forstjóra.

5. Boðun funda o.fl.

- 5.1 Stjórnarfundir skulu haldnir þegar formaður ákveður, að jafnaði mánaðarlega. Stjórnarfundir skulu haldnir á skrifstofu félagsins. Í sérstökum tilvikum má halda fundi annars staðar telji formaður efni fundarins eða aðrar aðstæður gefa tilefni til. Varamenn sitja að jafnaði stjórnarfundi þegar gengið er frá ársfjórðungsuppgjörum. Heimilt er að stjórnarmenn taki þátt í stjórnarfundum símleiðis eða með aðstoð rafrænna miðla.
- 5.2 Á fyrsta fundi stjórnar á hverju starfsári skal kynnt áætlun um stjórnarfundi ársins. Í lok hvers stjórnarfundar skal síðan staðfesta fundartíma næsta fundar, eða ákveða breyttan fundartíma.
- 5.3 Formanni ber að kalla saman stjórnarfund ef einhver stjórnarmanna eða forstjóri óskar þess.
- 5.4 Forstjóri á sæti á stjórnarfundum og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.

- 5.5 Til stjórnarfundar skal boða með minnst 7 daga fyrirvara. Formaður getur þó ákveðið skemmri frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna.
- 5.6 Fundarboð skal að jafnaði vera skriflegt og skal í því greina dagskrá. Fundarboð má senda stjórnarmönnum með rafrænum hætti. Formaður getur ákveðið að senda stjórnarmönnum skriflega fundargögn um einstök málefni á dagskránni. Ef formaður gerir kröfu um ber stjórnarmönnum að skila framlögðum gögnum.
- 5.7 Telji formaður aðstæður svo brýnar að halda verði stjórnarfund þegar í stað getur hann ákveðið að halda fundinn með aðstoð fjarskiptabúnaðar. Formaður skal þá skrá fundargerð sem staðfesta skal á næsta stjórnarfund.

6. Stjórnarfundir.

- 6.1 Á fundum stjórnar skal m.a eftirfarandi vera til umfjöllunar:
 - 6.1.1 Fundargerð síðasta fundar og undirritun hennar.
 - 6.1.2 Rekstraruppgjör og frávik frá áætlun.
 - 6.1.3 Efnahagsstaða og greiðsluhæfi félagsins.
 - 6.1.4 Yfirlit um viðskiptasamninga eða einstaka viðskiptavini.
 - 6.1.5 Skipulag og starfsmannamál.
 - 6.1.6 Annað sem stjórnin ætti að vera upplýst um eða er fróðlegt fyrir stjórnarmenn.

7. Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.

- 7.1 Félagsstjórn er ákvörðunarþær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund, enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við greinar 5.5, 5.6 og 5.7. Mikilvæga ákvörðun skal stjórnin að jafnaði ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur.
- 7.2 Formaður stýrir stjórnarfundum.
- 7.3 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði formanns.
- 7.4 Stjórnarmenn skulu snúa sér til formanns eða forstjóra með óskir um að einstök mál verði tekin á dagskrá stjórnarfunda.

8. Fundargerðir og fundargerðarbók

- 8.1 Formaður skal sjá til þess að haldin sé gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar.

- 8.2 Í fundargerðarbók skal skrá eftirfarandi:
- 8.2.1 Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
 - 8.2.2 Hverjir sitja fundinn og hver stýrir honum.
 - 8.2.3 Dagskrá fundarins.
 - 8.2.4 Stutta skýrslu um umræður á fundum og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
 - 8.2.5 Sérálit stjórnarmanna eða forstjóra.
 - 8.2.6 Hvenær og hvar næsti stjórnarfundur verður haldinn.
 - 8.2.7 Hver ritað hafi fundargerðina.
- 8.3 Stjórnarmaður eða forstjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðarbókina.
- 8.4 Fundargerð skal skrá í framhaldi af fundi og senda til stjórnarmanna.
- 8.5 Fundargerð skal borin upp til samþykktar í upphafi næsta fundar.
- 8.6 Fundargerðarbók skal undirrituð af þeim er fund sitja.
- 8.7 Fundargerðir sem færðar hafa verið inn í fundargerðarbók félagsins teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum. Stjórnarmenn sem ekki voru viðstaddir þann stjórnarfund sem fundargerð tekur til skulu staðfesta að þeir hafi kynnt sér fundargerðina með undirritun sinni.

9. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 9.1 Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt lögum, eðli máls eða ákvörðun stjórnarinnar. Sú skylda hvílir á stjórnarmönnum að varðveita með tryggilegum hætti öll gögn sem þeir kunna að hafa undir höndum frá félaginu.
- 9.2 Stjórnarmenn aðrir en formaður skulu að jafnaði ekki tjá sig við fjölmiðla eða snúa sér til almennings varðandi málefni félagsins, nema að fengnu samþykki formanns.

10. Vanhæfi

- 10.1 Stjórnarmaður eða forstjóri mega ekki taka þátt í meðferð mála sem varða félagið og þá persónulega. Skylt er stjórnarmanni og forstjóra að upplýsa um slík atvik.
- 10.2 Leggja skal fyrir félagsstjórnina til staðfestingar eða synjunar, alla samninga sem stjórnarmaður eða forstjóri gera við félagið og samninga milli félagsins og þriðja manns ef stjórnarmaður eða forstjóri hafa verulega hagsmuni af samningunum.

11. Skýrslur

- 11.1 Forstjóri skal á hverjum stjórnarfundum leggja fyrir félagsstjórnina skýrslu um starfsemi félagsins frá síðasta stjórnarfundum í stórum dráttum. Félagsstjórnin getur á stjórnarfundum krafist forstjóra og aðra helstu starfsmenn félagsins um upplýsingar og gögn sem félagsstjórninni eru nauðsynleg til að hún geti sinnt verkefnum sínum. Stjórn félagsins skal einu sinni á ári, í upphafi starfsárs, fara yfir hvernig staðið er að upplýsingagjöf til stjórnar og samþykkir breytingar ef þurfa þykir.

12. Undirritun ársreiknings o.fl.

- 12.1 Ársreikningur félagsins og samstæðureikningur skulu lagðir fyrir félagsstjórn til afgreiðslu og skal stjórnin ásamt forstjóra undirrita ársreikninginn og samstæðureikninginn. Telji stjórnarmaður eða forstjóri að ekki beri að samþykkja ársreikninginn eða samstæðureikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að hluthafar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

13. Frekari reglur um störf stjórnar

- 13.1 Stjórnarmenn skulu kynna sér og vera bundnir af ákvæðum laga, samþykktum félagsins, almennum reglum verðbréfamarkaðarins og sérstökum reglum félagsins um meðferð trúnaðarupplýsinga og innherjaviðskipti.
- 13.2 Um ábyrgð, vald og störf stjórnar félagsins fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt hlutafélagalögum, lögum um ársreikninga og öðrum almennum lögum og samþykktum félagsins.
- 13.3 Árlega skal stjórnin funda án forstjóra og meta sín störf og skal við það hafa til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands á aðild að. Á fundi þessum skal einnig meta störf forstjóra félagsins.

14. Stjórnarnefndir

- 14.1 Ef kjörnar eru nefndir á vegum stjórnarinnar skv. ákvæðum í starfsreglum skulu niðurstöður þeirra einungis vera leiðbeinandi fyrir stjórnina en hún ekki bundin af þeim við afgreiðslu einstakra mála nema mælt sé fyrir um á annan veg í lögum.
- 14.2 Árlega skal stjórnin tilnefna þriggja til fimm manna endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefndin skal senda stjórn afrit fundargerða.

15. Breytingar á starfsreglum stjórnar

15.1 Einungis stjórn félagsins getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á starfsreglunum þarf samþykki einfalds meirihluta félagsstjórnar.

16. Varsla og meðferð starfsreglna

16.1 Frumrit starfsreglna þessara, með áorðnum breytingum ef við á, skal jafnan vera til staðar í fundargerðarbók félagsins.

16.2 Þeir sem eiga sæti í stjórn félagsins við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit starfsreglnanna. Ef stjórnin samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar starfsreglurnar og skulu þeir undirrita frumrit þeirra því til staðfestu.

16.3 Stjórnarmönnum, forstjóra og endurskoðendum félagsins skal afhent eintak af starfsreglum og samþykktum félagsins sem í gildi eru á hverjum tíma.

Framangreindar starfsreglur stjórnar Nýherja hf. eru settar samkvæmt 4. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi félagsins hinn 28. október 2011.